



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 17. ágúst 2018

USK2018070040

5.27

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð - Ráðhús Reykjavíkur

**Sendandi:** Umhverfis- og skipulagssvið

---

***Viðræður um fjölgun rafhleðslustöðva - umsögn um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins - R18070146***

Á fundi borgarráðs þann 19. júlí 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um viðræður um fjölgun rafhleðslustöðva:

„Rafhleðslustöðvar í miðbænum hafa verið til mikilla bóta. Æskilegt er að þeim verði fjölgað víðar í borginni svo allir borgarbúar, óháð búsetu og búsetukostum, hafi aðgang að slíkum hleðslustöðvum. Það er mikilvægt að skapa jákvæða hvata og auðvelda aðgengi að umhverfisvænum orkugjöfum. Við ákvörðun um staðsetningu hleðslustöðva skal tekið tillit til þess hvernig þær falla inn í borgarmyndina. Því er lagt til að rætt verði við Orkuveitu Reykjavíkur og umhverfis- og skipulagssvið um að mótuð verði stefna um fjölgun rafhleðslustöðva og nánari staðsetningu þeirra.“

Tillagan var send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.

Á fundi borgarráðs þann 12. apríl 2018 var samþykkt tillaga borgarstjóra um tilrauna- og þróunarverkefni með Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 10. apríl 2018. Um er að ræða fjögur verkefni sem eru hluti af innleiðingu á loftslagsáætlun borgarinnar. Í loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar, samþykkt 30. júní 2016, segir að stutt verði við orkuskipti í samgöngum og stuðlað að aukinni hlutdeild rafvæðra samgangna í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur. M.a. vinni Reykjavíkurborg með OR að hugmyndum um uppsetningu hleðslustöðva í hverfum borgarinnar.

Áðurnefnd fjögur tilraunaverkefni eru í vinnslu í samvinnu Reykjavíkurborgar og OR en eitt verkefnanna felst í að staðsetja og reisa hleðslustöðvar á a.m.k. 10 stöðum í borgarlandi og auka aðgengi að rafhleðslu. Samhliða og í framhaldinu er unnið að frekari stefnumótun um fjölgun rafhleðslustöðva.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs

Þorsteinn R. Hermannsson

Samgöngustjóri